

Hvernig vernda á nemendur í skólum og leikskólum



Flensa og aðrar pestir



Sjáið til þess að sápa og vatn séu alltaf tiltæk og að nemendur þvoí sér oft um hendurnar




Kennið nemendum mikilvægi þess að hylja munn og nef með erminni, einnota pappírspurrku eða hreinum vasaklút þegar þeir hnerra eða hósta



Baðherbergi, gólf og fletir, þar með talið borðplötur, stólar, leikföng og handföng á dyrum og gluggum, ætti að þrifa reglulega með sótthreinsandi efnum



Hafið glugga opna í kennslustofum, að minnsta kosti í frímínútum, þótt kalt sé í veðri til að tryggja góða loftun



Hafið auga með helstu flensueinkennum: háum hita (yfir 38°C), nefrennsli, hósta, höfuðverk, vöðva- og beinverkjum



Ef skyndilega koma fram flensueinkenni hjá nemanda ætti að aðskilja hann/hana frá bekkjarfélögum og láta foreldra vita eins fljótt og auðið er



Tryggja þarf að nemendur og starfsfólk með flensueinkenni komi ekki í skólann



Reynið að skipuleggja komu og brottför nemenda úr kennslustofum eins og unnt er þannig að óþarfa troðningur verði sem minnstur



Hvetjið nemendur og starfsfólk til að láta það ógert að faðmast eða kyssast meðan á meðan farsótt stendur, sér í lagi ef nemendur eru með flensueinkenni



Kennið nemendum að forðast að samnýta drykkjarílát, handklæði o.s.frv. ásamt því að forðast að snerta augu sín, nef eða munn með óþvegnum höndum